

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 16. ágúst 2018 - R18080043

	Fundargerðir:	
R18010032	Fundargerð stjórnar Faxaflóahafna sf. nr. 170 frá 10. ágúst 2018	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað	
R18010063	Erindi Theódórs Óskarssonar vegna malbikunarviðgerða á Rofabæ, dags. 9. júlí 2018.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18040152	Erindi Minjastofnunar Íslands, dags. 20. júlí 2018, varðandi fornleifar á fyrirhuguðu athafnarsvæði Björgunar í Álfsnesvík	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18010091	Afbrotatölfræði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir júní 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18070165	Drög að frumvarpi um Þjóðgarðsstofnun í umsögn í samráðsgátt Stjórnarráðsins	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18070088	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistafllokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um ósamræmi í tölum um fjölda íbúða	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18070088	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistafllokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um skilgreiningu á félagslegri íbúd og utangarðseinstaklingi.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R16010088	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistafllokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um samning Reykjavíkurborgar um rekstur og framkvæmd heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18080073	Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. ágúst 2018, um námskeið fyrir nýjar skólanefndir.	Sent skóla- og og frístundaráði til upplýsingar.
R18070088	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistafllokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um að farið verði eftir ábendingum umboðsmanns Alþingis, ásamt umsögn velferðarsviðs, dags. 13. ágúst 2018.	Sent til yfirferðar borgarlögmanns.s
R18080037	Erindi varðandi misræmi í stærð lóðar við Urðarbrunn, dags. 11. ágúst 2018	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.

Fundur nr. 170

Ár 2018, föstudaginn 10. ágúst kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 09:00.

Mættir:

Kristín Soffía Jónsdóttir
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Örn Þórðarson
Valgerður Sigurðardóttir
Skúli Helgason
Ragnar B. Sæmundsson
Marí Júlía Jónsdóttir
Daníel Ottesen

Áheyrnarfulltrúar:

Ólafur Adolfsson
Júlíus Víðir Guðnason

Auk þess sátu fundinn: Halldóra Hrólfsdóttir, skipulagsfulltrúi, Guðmundur Eiríksson, forstöðumaður tæknideildar og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Kosning varaformanns.

Tillaga var gerð um Þórdísi Lóu Þórhallsdóttur. Öð gerði tillögu um Valgerði Sigurðardóttur. Þórdís Lóa kjörin varaformaður með 6 atkvæðum, en Valgerður fékk 2 atkvæði.

2. Undirritun siðareglna.

Siðareglur Faxaflóahafna sf. lagðar fram og undirritaðar.

3. Uppgjör rekstrar og fjárfestinga fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2018.

Hafnarstjóri gerð grein fyrir helstu fjárhagsstæðurm í uppgjörinu.

4. Samantekt um helstu verkefni Faxaflóahafna sf. árið 2018.

Farið var yfir helstu verkefni sem eru í gangi.

5. Drög að fjárhagsramma vegna fjárhagsáætlunar 2019 ásamt gögnum frá Reykjavíkurborg varðandi forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi vinnu við fjárhagsáætlun og helstu verkefni sem framundan eru.

6. Lóðamál:

a. Beiðni um úthlutun lóðar fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar lóð í nágrenni Klepps.

Hafnarstjórn samþykkir að beiðnin verði skoðuð samhliða vinnu við deiliskipulag á Kleppi.

b. Erindi Eimskipa dags. 26. 7.2018 þar sem sótt er um úthlutun 8200 m² viðbótarlóðar til stækkunar á farmstöð félagsins í Sundahöfn. Umsókn

félagsins er vegna færslu gámavalla með tilkomu nýs viðlegubakka utan Klepps, nýrrar aðkeyslu að svæðinu, starfsmannaaðstöðu á nýju svæði og veitutenginga.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að leggja fyrir næsta fund stjórnar nánari upplýsingar um nauðsynlega breytingu á deiliskipulagi sem úthlutun lóðarinnar hefði í för með sér.

7. Forkaupsréttarmál.

- a. Erindi Guðmundar Magnússonar kt. 130866-2989 um að fallið sé frá forkaupsrétti vegna sölu á eignarhlut í Fiskislóð 45, Reykjavík. Fastanúmer 229-6859. Kaupandi Nökkvi Travel kt. 650718-0460.

Hafnarstjórn fellur frá forkaupsrétti með venjulegum fyrirvara um að starfsemi verði í samræmi við deiliskipulag og lóðarleigusamning.

8. Fundargerð aðalfundar Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar sem haldin var 26. júní sl.


Lögð fram.

9. Drög að fundartímum stjórnarfunda 2018.

Lagt fram. Ráðgert er að starfsdagur stjórnar verði föstudaginn 21. september, en næsti fundur föstudaginn 14. september.

Fleira ekki gert
fundi slitið kl. 10:15

Kristín S.
Hafnarstjóri
Ragnar Samson
Ólafur Þinngisson
Marta Júlía Jónsdóttir
Hildur Ólafsson
Hildur Hrólfsson
Jón Þorvaldsson
David Elton



Borgarstjóri
Dagur B. Eggertsson

Forseti Borgarstjórnar
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Árbæ 9. júlí 2018

Kæri Dagur og kæri nágranni Þórdís Lóa


Ég sendi ykkur samhljóða bréf vegan fyrirhugaðra malbikunarviðgerða á Rofabæ. Gatan er með ótal þrengingar sem allar eru í mjög slæmu ástandi.

Af hverju? Vegna þess að auk þrenginganna eru settar upphækkningar á götuna þar sem hún er þrengst. Þessar upphækkningar valda skemmd á götunni bílarnir höggva niður malbikið þar sem þeir aka yfir þær og holur myndast. Höggið verður þá enn meira og verður þess valdandi að bílar skemmast, gormar brotna, fjaðrir brotna, demparar hjólbarðar og felgur auk gúmmífóðringa á stýrisstöngum eyðileggjast.

Ég álít þrengingarnar á götunni hamla hraðakstri og upphækkningarnar séu óþarfar og bæti þar engu við. Ég sem skattgeiðandi mótmæli þeim fjáraustri sem óþarfa upphækkningar hafa í för með sér.

Verjumst slysin.

Theódór Óskarsson
Glæsibæ 1
110 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

17. júlí 2018
MÍ201701-0126/ 6.00 / G.G.G.

Efni: Álfsnesvík við Þerneyjarsund, Reykjavík - fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði Björgunar

Minjastofnun Íslands vill með bréfi þessu vekja athygli borgarráðs á merkjum minjastað á Gunnunesi og við Álfsnesvík við Þerneyjarsund. Forsaga málsins er sú að í ársbyrjun 2017 kynnti ráðgjafarfyrtækið Alta Minjastofnun að því hefði verið falið að leita að nýju athafnasvæði fyrir Björgun sem áformað væri að flytja úr Elliðaárvogi og að einkum væri horft til Gunnuness við Þerneyjarsund. Eins og kemur fram í meðfylgjandi bréfi Minjastofnunar til Alta dags. 17. júlí 2018 (fylgiskjal 1) hefur stofnunin frá upphafi málsins bent á að til væru heimildir um að við Þerneyjarsund var verslunarstaður á síðmiðöldum. Þar væri að finna merkilegar menningarminjar og óskað var eftir því að aðrir kostir yrðu skoðaðir. Dr. Kristján Eldjárn, þáverandi forseti Íslands og fyrrum þjóðminjavörður, ritaði grein um minjastaðinn í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1980 og í lok greinarinnar segir hann: „Þessi staður er einn af fyrirrennrum Reykjavíkur og á að varðveitast eins og hann er.“ (Árbók 1980, bls. 34).

Á fundi fulltrúa Minjastofnunar og Alta 28. júlí 2017 var stofnuninni kynnt að kannaðir hafi verið fleiri staðir og sú skoðun hefði leitt í ljós að Álfsnesvík væri ákjósanlegasti kosturinn. Stofnunin var ekki beðin um að leggja mat á aðra kosti. Minjastofnun fór þá fram á að fornleifaskrá svæðisins frá árinu 2008 (fylgiskjal 2) yrði endurskoðuð en frá því að sú skráning var gerð hafa ný lög um menningarminjar nr. 80/2012 tekið gildi.

Nú liggur fyrir skýrsla Borgarsögusafns; *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi* (fylgiskjal 3). Við endurskoðun fornleifaskrár hefur fengist enn frekari vitneskja um menningarminjar á Gunnunesi og Álfsnesvík við Þerneyjarsund. Á jörðunum Sundakoti og Glóru hafa verið skráðar fleiri fornleifar en áður voru þekktar og með vettvangskonunnun og uppmælingu sýnilegra fornleifa hefur fengist skýrari mynd af fornleifunum. Þar er að finna minjar um verslun á síðmiðöldum og útveg og landbúnað fram á fyrri hluta 20. aldar. Borgarsögusafn metur varðveislugildi minjanna hátt eins og kemur fram í niðurstöðum skýrslunnar.


Minjastofnun tekur undir það mat Borgarsögusafns að varðveislugildi minjanna er hátt og felst gildi þeirra einkum í því að þar er um að ræða einstaka minjaheild sem varðveist hefur nær ósnortin.

Samkvæmt þeim gögnum sem Minjastofnun hafa verið kynnt og sýna tillögu að afmörkun lóðar fyrir Björgun við Álfnesvík, bráðabirgðaveg að henni frá athafnasvæði Sorpu og framtíðartengingu við fyrirhugaða Sundabraut, er ljóst að gangi þau áform eftir mun samhengi minjanna rofna og gildi mikilvægs minjasvæðis rýrt til muna. Að auki skal nefnt að í gögnum málsins kemur fram að gera megí ráð fyrir því að í framtíðinni þurfi að stækka athafnasvæði Björgunar og það mun þýða að þá þarf að skerða minjasvæðið enn frekar.

Minjastofnun beinir því til borgaryfirvalda að athafnasvæði Björgunar verði fundinn annar staður. Jafnframt að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að minjarnar á Gunnunesi og Álfnesvík við Þerneyjarsund verði varðveittar til framtíðar í samræmi við 1. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllst,


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur


Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Fylgiskjöl:

- 1 Bréf Minjastofnunar til Alta, dags. 17.7.2018
- 2 Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. Áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu. Minjasafn Reykjavíkur. Skýrsla 139, 2008. Á vef: http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_139.pdf
- 3 Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnesvík Þerneyjarsundi. Borgarsögusafn. Skýrsla 191, 2018. Á vef: http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/utgafa_skyrsla_191_fornleifaskraning_a_efnisvinnslusvaedi_vid_alfnesvik_therneyjarsundi.pdf

Afrit með tölvupósti:

Alta (alta@alta.is)
Borgarsögusafn (minjavarsla@reykjavik.is)
Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar (menning@reykjavik.is)
Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (sea@reykjavik.is)
Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (usk@reykjavik.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

AFRIT



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Alta
Ármúla 32
108 Reykjavík

Reykjavík 17. júlí 2018
Mf201701-0126/6.00/ G.G.G.

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Efni: Álfsnesvík við Þerneyjarsund, Reykjavík - fornleifar

Minjastofnun Íslands hefur borist erindi Alta dags. 4.7.2018 þar sem óskað er umsagnar um minjar við Álfsnesvík við Þerneyjarsund. Í erindinu kemur fram að Reykjavíkurborg vinnur að breytingu á skipulagi vegna afmörkunar lóðar fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar. Erindinu fylgir skýrsla Borgarsögusafns (2018): *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík, Þerneyjarsundi*, ásamt greinargerð Alta (ó dags) um stöðu skipulags og framkvæmdarinnar. Afmörkun fyrirhugaðs athafnasvæðis er sýnd á mynd, þar sem einnig kemur fram fyrirhuguð lega Sundabrautar: *Drög að afmörkun lóðar fyrir athafnasvæði Björgunar í vinnslu*. Á annarri mynd er sýnd lega bráðabirgðavegtengingar við svæðið frá svæði Sorpu.

Í byrjun árs 2017 var Minjastofnun kynnt að fyrirhugað væri að flytja athafnasvæði Björgunar úr Elliðaárvogi og að verið væri að leita að nýju svæði fyrir starfseminu og að einkum væri litið til svæðis við Þerneyjarsund. Á fundi með fulltrúum Alta og Björgunar þann 8. febrúar 2017 vakti Minjastofnun athygli á því að á því svæði væru merkar menningarminjar og benti á að mikilvægt væri að kannaðir væru aðrir staðir. Fyrir lá skráning fornleifa sem birt er í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur (139/2008): *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. Áfanga. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu*, og því var vitað um fornleifar við Þerneyjarsund og á Gunnunesi.

Á fundi með ráðgjöfum Alta þann 28. júlí 2017 var Minjastofnun kynnt að Álfsnesvík væri talin ákjósanlegt athafnasvæði fyrir Björgun. Minjastofnun fór þá fram á að fornleifaskráning frá 2008 yrði endurskoðuð og var Borgarsögusafn fengið til verksins. Skýrsla Borgarsögusafns þar sem birt er endurskoðuð fornleifaskrá barst Minjastofnun 20. júní 2018 og var til umræðu á fundi Minjastofnunar með verkefnisstjóra Alta og fulltrúa Björgunar 21. júní 2018. Á fundinum var kynnt tillaga í vinnslu að afmörkun lóðar Björgunar og bráðabirgðaaðkomuleið að henni.

Við endurskoðun fornleifaskrár, þar sem gerð hefur verið ítarlegri heimildakönnun hafa komið fram enn frekari upplýsingar um menningarminjar á Gunnunesi við Þerneyjarsund. Á jörðunum Sundakoti og Glóru hafa verið skráðar fleiri fornleifar en áður voru þekktar og með vettvangskönnun og uppmælingu sýnilegra fornleifa hefur fengist skýrari mynd af þeim menningarminjum sem þar er að finna. Vitað er að við Þerneyjarsund var verslunarstaður á síðmiðöldum sem er víða getið í heimildum. Á fyrri hluta 14. aldar hófst útflutningur á skeið sem var helsta útflutningsvara Íslendinga um langt skeið. Við Þerneyjarsund var

ein helsta útskipunarhöfn við innanverðan Faxaflóa og er talið að þar hafi verið stunduð verslun fram undir 1500.

Aukin vitneskja um minjar á Gunnunesi og við Álfsnesvík staðfestir að minjar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru hluti af einstakri minjaheild sem hefur varðveist nær ósnortin. Þar er að finna minjar um verslun á síðmiðöldum og útveg og landbúnað fram á fyrri hluta 20. aldar. Borgarsögusafn metur varðveislugildi minjanna hátt eins og kemur fram í niðurstöðum skýrslunnar:

Á úttektarsvæðinu er að finna merkar sjávarútvegsminjar, leifar af átta fiskbyrgjum líklega frá þeim tíma þegar Þerneyjarsund var útflutningshöfn fyrir skreið á tímabilinu 1300-1500. Byrgin eru flest hringlaga grjóthlaðin og eru í vestanverðu Glóruholti, eitt þeirra er þó torfhlaðið (1894-7). Í byrgjunum var fiskur þurrkaður og/eða geymdur á meðan hann beið útflutnings. Minjasvæði Sundakots og búðasvæði verslunarstaðarins við Þerneyjarsund eru einstakar minjar og engu líkar í Reykjavík, bæði hvað varðar aldur minjanna og menningarlegt gildi þeirra og eru fiskbyrgin hluti af því.

Aðrar minjar á úttektarsvæðinu eru túngarður Glóru (1894-6), fjárhús (1894-1) og rétt (1894-15). Þessar minjar eru hluti af minjaheild á minjasvæði í Glóru sem er einstakt, einkum vegna þess að það myndar óraskaða heild og er góður fulltrúi fyrir hjáleigu frá 20. öld í nágrenni Reykjavíkur. Fáir staðir státa af svo heillegum minjum sem sýna heilt bæjarstæði. Röskun á þessum minjum á úttektarsvæðinu hefur áhrif á minjaheildir í Sundakoti og Glóru (Skýrsla 191, 2018, bls. 22).

Minjastofnun tekur undir það mat Borgarsögusafns að varðveislugildi minja við Þerneyjarsund, á Gunnunesi og við Álfsnesvík er hátt. Þar er að finna einstaka heild minja á svæði sem er nær óraskað.

Samkvæmt þeim gögnum sem Minjastofnun hafa verið kynnt er ljóst að á fyrirhuguðu athafnasvæði Björgunar við Álfsnesvík eru skráð átta fiskbyrgi sem talið er að hafi tengst verslunarstaðnum við Þerneyjarsund og að á reit sem afmarkaður er fyrir bráðabirgðaveg eru fornleifar sem tilheyra býlinu Glóru. Þá er ljóst að veglína Sundabrautar yfir Gunnunes þar sem gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum sem hluta af framtíðar vegtengingu við athafnasvæði við Álfsnesvík myndi einnig raska mikilvægu minjasvæði.


Ljóst er að ef áform um að athafnasvæði Björgunar verði við Álfsnesvík ganga eftir myndi hluti af einstöku minjasvæði verða eyðilagt og gildi svæðisins rýrna verulega.

Svæðið í heild sem nær yfir vestanvert Gunnunes og Álfsnesvík, Þerney og Þerneyjarsund er einstakt og hefur mikla þýðingu fyrir sögu byggðar á Suðvesturlandi sem einn helsti verslunarstaður svæðisins um aldabil.

Með hliðsjón af því sem að ofan er rakið fellst Minjastofnun Íslands ekki á að athafnasvæði Björgunar verði við Álfsnesvík og mun beina þeim tilmælum til Reykjavíkurborgar að fundinn verði annar staður fyrir starfsemi fyrirtækisins.

Virðingarfyllst,




Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur


Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Afrit sent í tölvupósti:

Borgarsögusafn (minjavarsla@reykjavik.is)

Hrafnhildur Brynjólfssdóttir (hrafnhildur@alta.is)



Afbrotatölfræði

júní 2018



Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.



Hér að neðan er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í júní eru miðað þessi mörk.

	Maí 2018	Júní 2018	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	770	762	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður	341	310	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	98	75	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	107	123	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	6	7	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	16	13	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	3	3	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	123	143	Fjölgar	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	36	33	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	126	204	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Umferðarlagabrot	1.087	1.241	Mikil fjölgun	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	133	163	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	88	118	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Innbrot á heimili	28	32	Innan marka	Innan marka



Hegningarlagabrot

- Skráð voru 762 hegningarlagabrot í júnímánuði. Eru það álíka margar tilkynningar og bárust í maí.
- Skráð hegningarlagabrot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Það sem af er ári hafa borist álíka margar tilkynningar um hegningarlagabrot líkt og bárust að meðaltali á sama tímabili síðustu þrjú ár á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Hegningarlagabrot	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	762	742	712	771	-16	-2%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	762	778	700	771	21	3%	Innan marka




- Í júní bárust 310 tilkynningar um þjófnaði. Tilkynntum þjófnuðum fækkaði á milli mánaða.
- Tilkynntir þjófnaðir voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynningum um innbrot, hnupl og þjófnað á farsímum reiðhjólum fækkaði á milli mánaða. Tilkynningum um reiðhjóla þjófnaði og annars konar þjófnaði fjölgaði.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um þjófnaði fækkað um níu prósent miðað við meðalfjölda á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



	jún	júl	ág	sep	okt	nóv	des	jan	feb	mar	apr	maí	jún
þjófnaður - innbrot	58	51	75	83	84	100	81	92	98	70	72	98	75
þjófnaður - hnupl	56	63	70	83	73	66	63	38	44	52	54	56	34
þjófnaður - gsm	49	39	50	32	33	33	26	28	26	24	31	28	22
þjófnaður - reiðhjól	49	47	71	57	57	18	10	3	3	26	33	54	69
þjófnaður - annað	100	114	151	181	150	183	114	113	104	121	102	105	110
þjófnaður alls	312	314	417	436	397	400	294	274	275	293	292	341	310

Þjófnaður	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	310	295	273	317	15	5%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	310	337	280	394	-27	-8%	Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Innbrot—dags. brots

- Í júní bárust 75 tilkynningar um innbrot til lögreglu. Tilkynningum fækkaði á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynninga um innbrot var innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um innbrot á heimili, tilkynningum um innbrot á aðra vettvanga fækkaði.
- Það sem af er ári hafa borist um 11 prósent fleiri tilkynningar um innbrot en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



Annað	1	0	2	0	2	1	0	1	0	2	0	3	1
Fyrirtæki/stofnun	18	14	12	23	21	31	17	37	30	22	22	32	14
Heimili/einkalóð	24	22	29	35	34	46	43	36	60	26	19	28	32
Ökutæki	15	15	32	25	28	23	21	18	9	20	32	36	28
Innbrot alls	58	51	75	83	84	100	81	92	98	70	72	98	75


Innbrot	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	75	85	12	74	97	-10	Innan marka
12 mánaða meðaltal	75	80	15	65	95	-5	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




- Í júní voru skráðar 123 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráðum ofbeldisbrotum fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 14 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



Lífssárás, minniháttar	67	86	77	88	87	99	86	81	100	97	81	87	92
Lífssárás, meiriháttar/stórfelld	16	11	15	19	12	15	26	12	16	12	19	15	20
Önnur ofbeldisbrot	8	4	5	4	6	5	7	5	2	6	9	5	11
Ofbeldisbrot alls	91	101	97	111	105	119	119	98	118	115	109	107	123

Ofbeldisbrot	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	123	111	104	118	12	11%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	123	108	99	116	16	14%	Fjölgar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í júní voru skráð sjö tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 64 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi en skráð voru að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.

Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni


- Í júní voru skráð fjögur tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 36 prósent fleiri tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi en skráð voru að meðaltali síðustu þrjú ár á undan.



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu




Kynferðisbrot—dags. brots

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 13 tilkynningar um kynferðisbrot sem áttu sér stað í júní.
- Tilkynntum kynferðisbrotum fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist álíka margar tilkynningar og bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.



Kynferðisbrot	Júní 2018	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
			Neðri	Efri	
6 mánaða meðaltal	13	20	15	25	-7 -36% Fækkar
12 mánaða meðaltal	13	24	16	31	-11 -45% Fækkar




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.


Kynferðisbrot—dags. tilkynnt

- Skráð voru 24 kynferðisbrot í júní. Skráðum brotum fækkaði miðað við fjölda í maí.
- Skráðum kynferðisbrotum fækkaði miðað við útreiknaðra neðri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 63 prósent fleiri kynferðisbrot en voru skráð að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.




Kynferðisbrot	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	24	36	24	48	-12	-33%	Fækkar
12 mánaða meðaltal	24	33	23	42	-9	-26%	Innan marka




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



- Alls bárust 45 tilkynningar um heimilisofbeldi í júní.
- Tilkynningum um heimilisofbeldi fækkaði mikið í júní miðað við reiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 12 prósent fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



Heimilisofbeldi	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	45	60	53	66	-15	-25%	Mikil fækkun
12 mánaða meðaltal	45	60	54	67	-15	-25%	Mikil fækkun




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 33 beiðnir um leit að börnum og ungmennum í júní.
- Leitarbeiðnum fjölgaði í júní miðað við útreiknaðra efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 66 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali á sama tímabili árin 2015 til 2017.




Leitarbeiðnir	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	33	22	15	30	11	48%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	33	20	13	27	13	63%	Fjölgar




Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



- Í júní voru skráðar 146 tilkynningar um eignaspjöll.
- Tilkynningum um eignaspjöll fjölgaði miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði tilkynningum um öll eignaspjöll nema meiriháttar eignaspjöll sem stóðu í stað á milli mánaða.
- Það sem af er ári hafa borist um 16 prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll en bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.



Eignaspjöll	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	146	128	117	139	18	14%	Fjölgar
12 mánaða meðaltal	146	121	107	135	25	21%	Fjölgar




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.




Nytjastuldur ökutækja

- Skráðar voru 33 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum ökutækjum í júní.
- Tilkynningar um nytjastuldi voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um álíka margar tilkynningar um nytjastuldi líkt og bárust að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.





Nytjastuldir	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	33	29	23	35	4	14%	Innan marka
12 mánaða meðaltal	33	30	21	39	3	10%	Innan marka



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

- Í júní voru skráð 206 fíkniefnabrot á höfuðborgarsvæðinu. Skráðum brotum fjölgaði mikið á milli mánaða.
- Skráðum fíkniefnabrotum fjölgaði mikið miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tvö stórfellt fíkniefnabrot var skráð á höfuðborgarsvæðinu í júní.*
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 17 prósent fleiri fíkniefnabrot en voru skráð að meðaltali á sama tímabili sl. þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Fíkniefni	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	204	136	122	151	68	50%	Mikil fjölgun
12 mánaða meðaltal	204	137	119	156	67	48%	Mikil fjölgun



Umferðarlagabrot


- Skráð voru 1.241 umferðarlagabrot* í júní. Skráðum umferðarbrotum fjölgaði á milli mánaða.
- Skráðum umferðarlagabrotum fjölgaði mikið í júní miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa verið skráð álíka mörg umferðarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu og voru skráð að meðaltali á sama tíma sl. þrjú ár á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra. Heildarfjöldi brota—með hraðamyndavélum.

Umferðarlagabrot	Júní 2018	Meðalt.	Mörk		Breyting frá		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+/-	%	
6 mánaða meðaltal	1.241	879	727	1.031	362	41%	Mikil fjölgun
12 mánaða meðaltal	1.241	923	758	1.088	318	34%	Fjölgar







Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð voru 163 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í júní.
- Brotum fjölgaði mikið í júní miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 53 prósent það sem af er ári samanborið við meðaltal á sama tímabili síðustu þrjú ár.

Ölvun við akstur


- Í júní voru skráð 118 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Brotum fjölgaði mikið í júní miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 41 prósent það sem af er ári samanborið við meðaltal á sama tímabili síðustu þrjú ár.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Þróun á löggæslusvæði 1




- Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Maí 2018	Júní 2018	Staða breytinga m.v. 6 mán.	Staða breytinga m.v. 12 mán.
Hegningarlagabrot	362	428	Mikil fjölgun	Fjölgar
Þjófnaður	171	173	Fjölgar	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	42	37	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	47	78	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	3	6	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Kynferðisbrot	4	5	Fækkar	Mikil fækkun
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	2	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	56	78	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	19	19	Fjölgar	Fjölgar
Fíkniefni	49	147	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Umferðarlagabrot *	408	433	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	52	59	Fjölgar	Innan marka
Ölvun við akstur	35	53	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Innbrot á heimili	11	17	Mikil fjölgun	Fjölgar
Slys	19	15	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 2




- Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Maí 2018	Júní 2018	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	96	86	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	38	39	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	16	12	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	13	11	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	0	FALSE	Innan marka
Kynferðisbrot	0	0	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	0	Fjölgar	Fækkar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	22	22	Fjölgar	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	5	0	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Fíkniefni	11	10	Fækkar	Fækkar
Umferðarlagabrot *	151	171	Fjölgar	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	10	19	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	19	17	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	4	4	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 3




- Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Maí 2018	Júní 2018	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	166	133	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	84	63	Innan marka	Innan marka
Þjófnaður - innbrot	27	19	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	20	16	Fækkar	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	1	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	3	4	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	21	23	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	3	3	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	25	27	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot *	231	269	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	37	50	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Ölvun við akstur	16	26	Innan marka	Fjölgar
Innbrot á heimili	8	8	Innan marka	Innan marka
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Þróun á löggæslusvæði 4



- Hér er fjöldi afbrota í júní borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Árbæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Maí 2018	Júní 2018	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	122	94	Fækkar	Fækkar
Þjófnaður	37	29	Mikil fækkun	Fækkar
Þjófnaður - innbrot	12	6	Mikil fækkun	Fækkar
Manndráp og líkamsmeiðingar	23	15	Mikil fækkun	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	0	Fækkar	Fækkar
Kynferðisbrot	5	1	Fækkar	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	0	FALSE	Fækkar
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	24	18	Fækkar	Fækkar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	8	9	Fjölgar	Fjölgar
Fíkniefni	39	12	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot *	259	294	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	32	26	Innan marka	Innan marka
Ölvun við akstur	17	15	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	4	3	Fækkar	Fækkar
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Frá: Guðný Lára Ingadóttir

Sent: föstudagur, 27. júlí 2018 10:03

Til: Efni: Drög að frumvarpi um Þjóðgarðastofnun í umsögn í samráðsgátt Stjórnarráðsins

Vakin er athygli á því að drög að frumvarpi um nýja stofnun sem ætlað er að hafa með höndum umsýslu allra þjóðgarða á Íslandi og annarra friðlýstra svæða auk almennrar náttúruverndar er nú komið til umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Þar er einnig birt tillaga að fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd í samræmi við drög að frumvarpi um Þjóðgarðastofnun. Frestur til að skila umsögnum er til 5. september nk.

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=99](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=99)

Með kveðju,
Guðný

**Guðný Lára Ingadóttir, ritari yfirstjórnar
/ Secretary to the Permanent Secretary**

Skrifstofa yfirstjórnar / Senior Management

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið /

Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600 • Fax: (+354) 562 4566

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður /
Please consider the environment before printing

BORGARRÁÐ 31. júlí 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalista flokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um ósamræmi í tölum um fjölda íbúða - R18070088

Óskað er útskýringa á ósamræmi í tölum borgarinnar og hjá Samtökum iðnaðarins varðandi íbúðir í smíðum sem er yfir 200%. Í frétt RÚV frá 22.7. 2018 var sagt frá 3.700 íbúðum í smíðum þar af væru 1.400 félagslegar íbúðir en skv. tölum frá Samtökum iðnaðarins eru 1.700 íbúðir alls í smíðum.

BORGARRÁÐ 31. júlí 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um skilgreiningu á félagslegri íbúð og utangarðseinstaklingi - R1807088

- a. Hver er skilgreining á félagslegri íbúð? b. Hver er skilgreiningin á utangarðseinstaklingi?

BORGARRÁÐ 31. júlí 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samning Reykjavíkurborgar við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur og framkvæmd heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu - R16010088

Reykjavíkurborg og Sjúkratryggingar Íslands gerðu mér sér samning árið 2016 um rekstur og framkvæmd heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn felur í sér að Reykjavíkurborg reki heimahjúkrun sem samþætt er með rekstri félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík. Nú hafa fregnir borist af því að ástandið sé orðið það alvarlegt að útskriftir af sjúkrahúsum teyfjast vikum saman vegna þjónustuskerðingar og skorti á heimahjúkrun. Þannig má leiða líkum að því að Reykjavíkurborg sé að brjóta ákvæði samningsins enda kemur fram á vefsvæði velferðarsviðs um framkvæmd þjónustunnar að þjónusta hefjist innan tveggja til þriggja daga eftir að beiðni liggur fyrir. Staðan er hinsvegar sú að fólk sem er tilbúið til útskriftar á sjúkrahúsum kemst ekki heim til sín. Eðli málsins skv. leiðir þetta til aukins kostnaður, lengri biðtíma eftir innlögnum og mikilla óþæginda fyrir þá sem eru tilbúnir til útskriftar. Með hliðsjón af þessum staðreyndum er óskað eftir að málið verði tekið upp á næsta fundi borgarráðs og kallaðir verði til fundarins heilbrigðisráðherra og forstöðumaður Sjúkratrygginga. Þá er óskað svara við því til hvaða ráðstafana Reykjavíkurborg hefur gripið til í því skyni að leysa þennan vanda? Rétt er að fara fram á að svar við spurningu þessari liggi fyrir á næsta fundi borgarráðs enda rétt að kynna ráðherra og forstöðumanni Sjúkratrygginga stöðu mála með gagnsæjum hætti.

From: Svandís Ingimundardóttir <svandis.ingimundardottir@samband.is>

Date: 9 August 2018 at 17:41:09 CEST

To: Svandís Ingimundardóttir <svandis.ingimundardottir@samband.is>

Subject: Gögn og leiðbeiningar fyrir nýjar skólanefndir

Með beiðni um áframsendingu til formanna skóla- og fræðslunefnda – Vinsamlegast sendið upplýsingar um nafn og netfang formanns skóla- eða fræðslunefndar við fyrsta tækifæri til undirritaðrar.

Ágætu formenn skóla- og fræðslunefnda, aðrir nefndarmenn og áheyrnarfulltrúar.

Sambandið hefur staðið fyrir námskeiðum fyrir nýjar skólanefndir sem haldin hafa verið þegar vel er liðið á fyrsta vetur nefndanna í starfi. Hlutverk og skyldur skólanefnda geta virst bæði yfirgripsmikil og flókin við fyrstu sýn og mikilvægt er að setja sig vel inn í hlutverk, ábyrgð og skyldur nefndarinnar. Á vef sambandsins er að finna margvíslegt efni sem varpar ljósi á þessa þætti og er hér vakin athygli á því: <http://www.samband.is/verkefni/skolamal/skolanefndir/>

Þar má m.a. finna:

- 6. gr. [laga um grunnskóla](#) þar sem meginhlutverk skólanefndar er skilgreint. En til viðbótar þeim starfsskyldum skólanefndar sem talðar eru upp í 6. gr. kemur verksvið nefndarinnar við sögu í eftirfarandi greinum laganna: 8., 14., 20., 28., 29., 41., 45., 46. og 47. grein. Í 4. gr. [laga um leikskóla](#) er fjallað um sambærilega nefnd fyrir það skólastig.
- Undir tenglinum „Tengt efni“ til hægri á síðunni má sjá:
 - Námsefni frá námskeiðahaldi fyrir skólanefndir frá 2015
 - Spurningar og svör í tengslum við fyrri námskeið sem afar gagnlegt getur verið að renna í gegnum m.a. um hæfi og kjörgengi nefndarmanna, aðkomu áheyrnarfulltrúa o.fl.
 - Ýmisleg gögn í tengslum við námskeiðahaldið 2011 m.a.
 - Nokkur raunhæf verkefni og glærur fyrirlesara
 - Yfirlit yfir ábyrgð og skyldur skólanefnda o.fl.

Sambandið hefur hug á því að breyta fyrirkomulagi námskeiðahalds fyrir skólanefndir m.a. í ljósi niðurstaðna úr könnun sem framkvæmd var meðal fráfarandi formanna skólanefndar fyrir í sumar. Ekki er ljóst á þessum tímapunkti hvenær hægt verður að auglýsa þau námskeið en þangað til geta meðfylgjandi upplýsingar vonandi komið ykkur að gagni.

Ykkur er velkomið að óska eftir leiðbeiningum eða senda fyrirspurnir til sambandsins um álitaefni sem upp koma eða annað sem kallað getur á utankomandi ráðgjöf í tengslum við starf nefndarinnar.

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar ykkur velfarnaðar í störfum í skólanefnd sveitarfélagsins.

Með kveðju,
Svandís.



Svandís Ingimundardóttir

skólamálafulltrúi

Beint innval: 515 4919

Netfang: svandis.ingimundardottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

BORGARRÁÐ 19. júlí 2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um að farið verði eftir ábendingum umboðsmanns Alþingis - R18070088

Lagt er til að farið verði að öllu leyti að ábendingum umboðsmanns Alþingis í tilefni af frumkvæðisathugun vegna húsnæðisvanda utangarðsfólk þar sem hann beinir m.a. þeim tilmælum til Reykjavíkurborgar að reglur þurfi að vera almennar, aðgengilegar og skýrar um inntak þeirrar aðstoðar sem einstaklingur á rétt á og birta borgurum með fullnægjandi hætti. Enda eiga slíkar reglur að vera í samræmi við almenn réttarríkis- og réttaröryggissjónarmið.

**Berist til borgarráðs vegna lóðar að Urðarbrunni 10-12, 113 Reykjavík, fyrir borgarráðsfund
14. ágúst 2018.**

Ágæti viðtakandi

Undirrituðum var úthlutað lóð að Urðarbrunni 10-12 á fundi borgarráðs fimmtudaginn 5. júlí síðastliðin. Samkvæmt útboðsgögnum var lóðin sögð 1100 m² að stærð en í deiluskipulagi fyrir Úlfarsárdal sögð 995 m².

Í útboðsskilmálunum er gerður fyrirvari á stærðum lóða og fórum við fram á skýringar á því hvað það þýddi fyrir útboðið 4. maí 2018. Við fengum það staðfest frá byggingarfulltrúa að lóðin væri 1.106 m² að stærð ± 10 m², sjá viðhengi „*Staðfesting á að lóðin sé 1106 fermetrar*“ og „*Lóðauppdráttur Urðarbrunnur 10-12 - viðhengi með staðfestingu á að lóðin sé 1106 fermetrar*“.

Á grundvelli þess gerðum við tilboð í lóðina að Urðarbrunni 10-12.


Nú fáum við þau svör að misræmi sé í deiluskipulagi, skilmálatöflu og útboðsgögnum. Lóðin við Urðarbrunn 10-12 er aðeins 995 m² en ekki 1.106 m² eins og okkur var sagt. Hér er um mistök af hálfu Reykjavíkurborgar og arkitektana sem unnu deiliskipulagið.

Eðlilegt væri, í þeirri stöðu sem upp er komin, að tilboðsgjafar fái að endurskoða tilboðið og geri samkomulag við Reykjavíkurborg um sanngjarna lækkun á fyrirliggjandi tilboði.

Virðingarfyllt,
Guðmundur Stefán Gunnarsson
Katrín Ósk Þorbergsdóttir
Ólafur Thorlacius Árnason
Linda Dögg Þorbergsdóttir

Lóðauppdáttur 5.056.2

Mælikvarði 1:500 (A3)



Hnitaskrá

Landshnitakerfi ÍSN93

Nr.	X-hnit	Y-hnit	Nr.	X-hnit	Y-hnit
112	366891.8632	406238.3874	219	366872.8613	406251.7361
201	366763.2649	406261.4791	220	366878.9968	406220.0720
202	366748.5379	406271.8247	221	366876.2560	406220.3479
203	366747.6858	406276.7006	222	366859.5080	406222.0340
204	366761.4817	406296.3391	223	366853.1078	406222.9002
205	366766.3576	406297.1912	224	366850.6491	406223.3525
206	366792.1332	406279.0840	225	366843.6847	406225.0054
207	366795.5992	406276.6492	226	366836.2367	406227.0740
208	366802.1441	406272.4794	227	366821.7838	406231.0881
209	366815.9380	406266.0924	228	366807.3308	406235.1023
210	366827.4369	406262.8404	229	366792.8779	406239.1164
211	366830.4120	406262.1541	230	366793.6808	406242.0070
212	366844.5501	406257.0065	231	366770.5918	406248.4197
213	366853.6640	406251.7624	232	366768.7091	406248.9426
214	366855.1514	406248.2373	300	366790.9509	406239.6516
215	366857.1013	406244.9722	301	366791.7537	406242.5422
216	366861.5225	406244.1723	A	366845.3704	406248.7497
217	366866.2651	406244.6738	B	366853.3195	406246.5419
218	366869.9911	406247.6504			

Skýringar

- Lóðamörk
- Innkeyrsla á lóðamörkum
- Byggingarreitir
- Bundin byggingarlína
- Sérafnotareitir
- Staðgreininúmer
- Landeignarnúmer
- Staðfang lóðar
- Húsnúmer
- Stærð lóðar
- Lengd bogalínu
- Hornréttar línur
- Kvöð um bílastæði

Fjöldi staðsetning og frágangur bílastæða og innkeyrsla skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag og samþykktir.

Lóðir eru túlusettar við Urðarbrunn.

Lóðauppdráttur þessi byggir á: Mæliblaði, fyrst gefið út 10.07.2007. Deiliskipulagsbreytingu sem samþykkt var í umhverfis- og skipulagsráði þann 27.09.2017, samþykkt í borgarráði þann 05.10.2017 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 19.02.2018.

Uppdráttur þessi öðlast gildi (ígildi mæliblaðs) þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt hann og þegar honum hefur verið þinglýst. Hvað varðar lóðirnar Urðarbrunn 2, 12, 14, 16, 18, 20 og 22 er þessi uppdráttur nú þegar ígildi mæliblaðs.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Landupplýsingadeild: 23.04.2018

